

MINNISBLAÐ

TIL: ALLSHERJARNEFNDAR ALÞINGIS
FRÁ: ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
EFNI: BREYTING Á GILDISTÖKU FRUMVARPS TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM VEGABRÉF NR. 136/1998.
ÞINGSKJAL 617 — 479. MÁL.
DAGS.: 11.12.2012

Með því frumvarpi sem hér um ræðir er lagt til að gildistími almenns vegabréfs verði tíu ár frá útgáfudegi en fimm ár fyrir börn yngri en 18 ára. Í frumvarpinu er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2013.

Komið hefur í ljós að erlendur þjónustuaðili dreifilyklaskipulags Þjóðskrár Íslands getur ekki lokið þeim breytingum á undirritunarskilríkjum vegabréfa sem þarf til að breyta gildistíma vegabréfa úr 5 árum í 10 ár fyrir áramót. Nauðsynlegt er að gera breytingar á grunnskilríkjum vegabréfaútgáfunnar sem krefst nákvæmrar skjala- og tæknivinnu hérlendis og hjá þjónustuaðila erlendis.

Til þess að tryggja öryggi við þá framkvæmd sem að ofan er lýst og til þess að nægilegur tími gefist til þess að kynna erlendum landamærastöðvum breyttan gildistíma vegabréfs er lagt til að gildistöku laganna verði frestað til 1. mars 2013.